

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sviðbjóð: 03.12-2020

Efni: Mál nr 361. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbót og eingreiðsla).

Varðandi 2. gr frumvarpsins er talað um að útgreiðsla eingreiðslunar skuli eigi verða síða en 31. desember 2020 legg ég til að dagsetningin verði eigi síðar en 18. desember.

Ástæða þess er sú að þeir lífeyrisþegar sem eru búsettir erlendism en það tekur minnst þrjú virka daga að senda peninga frá Íslandi inn á bankareikninga erlendis, þannig að ef greitt yrði út 18. des, sem er föstudagur, þá fær fólk þessa peninga ekkert fyrr en 22. eða 23. desember.

Þess vegna er svo áriðandi að miðað sé við 18. í allra síðasta lagi.

Verði það hins vegar raunin að þetta verði ekki greitt fyrr en 31. desember, sem er fimmtudagur, þá er ólíklegt að þetta verði komið inn á reikning þeirra sem búa erlendis fyrr en fjórða eða fimmta janúar 2021 sem er algjörlega óásættanlegt.

Í öðru lagi langar mig að benda á skattalagahluta sem er vanreifaður í frumvarpinu, sama grein.

Eingreiðsla þessi, sem greiðist eigi síðar en 18. desember 2020, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega, skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna skv. þessum lögum og lögum nr. 99/2007.

Með kveðju.

Jack Hrafnkell Daníelsson

Öryrki og efnahagslegur flóttamaður búsettur í Svíþjóð